

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari og Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður

**Afboða, mæta ekki :** Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson, Guðrún Pálsdóttir, Magnús Tryggvason, Árni Stefánsson

**Fundur 01.07 2025 settur kl. 18.00**

### 1. Mót og starfsemi

- a. Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ) var haldið í blíðunni á Akureyri daganna 19-22. júní. Mótið var stórskemmtilegt og voru 225 keppendur frá 10 liðum. Eins og alltaf á AMÍ þá var gleðin við völd og bæði keppendur og aðstandendur skemmtu sér vel. Að lokinni keppni var haldið lokahóf og tilkynnt um stigahæsta sundfólk í hvorum aldursflokki fyrir sig og stigahæstu liðin þar sem SH fór með sigur að hólmi eftir æsisþennandi keppni. Stjórn SSÍ vill þakka öllum sem lögðu hönd á plóg og þakka Sundfélaginu Óðni fyrir frábært samstarf við mótahaldið sem er mjög umfangsmikið.
- b. Sumarmeistaramót Íslands (SMÍ) var haldið í Ásvallalaug 28. og 29. júní. Alls tóku 137 keppendur þátt í mótinu frá 11 liðum og þar með talið lið frá frændum okkar í Færeyjum. Mótið var einstaklega skemmtilegt og ljóst er að þetta nýja fyrirkomulag að hafa mótið í tveimur seinnihlutum með snörpu lokahófi er að fara vel í keppendur og sjálfbóðaliða en, eins og á AMÍ, tókst mönnun mótsins mjög vel. Stjórn SSÍ vill þakka SH fyrir frábært samstarf við mótahaldið. Það veldur stjórn SSÍ þó vonbrigðum að tvö félög hafi valið að fara í verkefni erlendis á meðan mótinu stóð.
- c. Umsóknafrestur vegna móta á vegum SSÍ er um það bil að renna út. Þó nokkrar umsóknir hafa borist en eftir á að vinna úr þeim. Það er samt ljóst að AMÍ verður haldið í Reykjanesbæ á næsta ári. Hugmyndir eru einnig uppi um að sundreyfingin sameinist um að gera NM að flottu móti og sameini krafta sína við framkvæmd mótsins. Einnig á eftir að kynna nýtt fyrirkomulag á Bikar endanlega en stefnt er að því að hafa mótið seinnihluta September. Unnið verður frekar í þessum málum á næstu dögum og vikum.
- d. Formaður og framkvæmdastjóri mættu á 77. íþróttaping ÍSÍ sem haldið var á Berjaya Reykjavík Natura hótél daganna 16. og 17. maí síðastliðin. Fjöldmörg mál voru á dagskrá þingsins. Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ á þinginu með nokkrum yfirburðum en allt voru 5 aðilar í kjöri. Willum tekur því við af Lárusi Blöndal sem hættir eftir áratuga farsælt starf í íþróttahreyfingunni. Einnig fór fram kjör fulltrúa í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Þá var Anton Sveinn McKee kjörin fulltrúi íþróttamannanefndar í framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- e. Formaður og framkvæmdastjóri sátu samráðsfund ÍSÍ vegna sjóðakerfis afrekssjóði á komandi árum. Þar sem ræddar voru hugmyndir um skiptingu fjármagns frá afrekssjóði á komandi árum. Fundurinn var gagnlegur og mörg sjónarmið sem taka þarf tillit til.
- f. Farið var yfir reglur og skiptingu vegna ferðasjóðs ÍSÍ en þær 100 milljónir sem eru til úthlutunar deilast á ansi marga iðkenndur.
- g. Farið var yfir spurningar frá dómaranefnd í kjölfar þess að fulltrú nefndarinnar Ragnheiður Birna Björnsdóttir kom inn á síðasta stjórnarfund þar sem ræddar voru nýjar reglur/kröfur sem WA hefur sett fyrir alþjóðlega dómara. Spurningarnar verða sendar áfram til WA og EA og beðið um frekari útlistanir á þessum kröfum.
- h. Farið var yfir síðarreglur sunddómara sem bárust frá dómaranefnd og þær samþykktar.
- i. Farið var yfir ábendingu vegna þjálfara frá Smáþjóðaleikunum í Andorra.

- j. Greint var frá stuttum fundi sem formaður og framkvæmdastjóri áttu með nokkrum sundmönnum í kjölfar Smáþjóðaleikanna í Andorra.
- k. Rætt var um að strax eftir sumarleyfi muni stjórn setjast niður og fara yfir ferla og skipulagi í starfi sínu hvort sem er á skrifstofu, mótahaldi eða öðru sem við kemur starfinu. Leitað verður aðstoð fagfólks innan stjórnar og utan ef með þarf.
- l. Í stað þess að vera með þjálfararáðstefnu í haust þá er stefnt á það að hafa „Learn to Swim“ ráðstefnu og námskeið í lok ágústmánaðar. Þetta mun vinnast í samvinnu við European Aquatics. Vonast er til að þó nokkur fjöldi erlendra gesta sækji þessa ráðstefnu en ekki síst íþróttakennarar og þjálfarar á Íslandi.

## 2. Afreksmál / Fjalla um árangur liðinna móta og næstu verkefni

### Nýliðin verkefni:

- a. Taastrup Open fór fram í Kaupmannahöfn 9-11.mái þar sem 18 manna hópur sundfólks frá Íslandi tók þátt. Bjarney Guðbjörnsdóttir leiddi hópinn í þessari ferð, þjálfarar í ferðinni voru þeir Daníel Lúkas SH og Hilmar Smári Breiðablik.
- b. Mare Nostrum fór fara fram í Mónakó dagana 17-18.mái, en boðið var upp á þetta verkefni fyrir okkar besta fólk. Birnir Freyr, Jóhanna Elín, Símon Elías, Snorri Dagur og Snæfríður Sól tóku tilboðinu og kepptu fyrir Íslandshönd á þessu sterka móti. Hópurinn æfði svo í Mónakó í tvo daga eftir mótið og hitt GSSE hópinn í Barcelona miðvikudaginn 21.mái.
- c. Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Andorra 27-31.mái. Í hópum voru 11 sundmenn, 9 sundkonur, 3 þjálfarar, 1 fararstjóri og fjölmiðlafulltrúi. Leikarnir gengu vel og náði íslenska liði í samtals 16 gull, 12 silfur og 12 brons á mótinu eða alls 40 verðlaun.
- d. EM U23 er nýtt mót hjá okkur sem haldið var í Slóvakíu 26-28. Júní. Við áttum 7 keppendur á mótinu, Birnir Freyr SH, Einar Margeir ÁA, Guðmundur Leo ÍRB, Símon Statkevicius SH og Snorri Dagur Einarsson SH. Birgitta Ingólfs SH og Eva Margrét ÍRB. Með í för var Eyleifur fararstjóri, Mladen og Steindór þjálfarar, og Hólmfríður nuddari.

### Verkefni næstu daga og vikur:

- e. EMU mun fara fram í sömu laug og EM U23, mótið verður 1.-6. júlí og hefur SSÍ valið hópinn fyrir mótið. Sex manna sundhópur mun taka þátt, fjórir náðu lágmörkum og tveir fengu boðsæti. Hópurinn skipa þau Denas ÍRB, Hólmur SH, Magnús Víðir SH, Vala Dís SH og Ylfa Lind Ármanni. Þjálfarar í ferðinni verða þeir Dadó Fenrir SH og Hjalti Ármanni. Hólmfríður veður fararstjóri og nuddari.
- f. Næm verður haldið í Þórshöfn í Færeyjum 5.-6. júlí. Tvær sundkonur náðu lágmörkum, þær Ásdís Steindórs og Sólveig Freyja úr Breiðablik. SSÍ ákvað að gefa einnig tvö boðsæti í þetta verkefni, fyrir valinu urðu þau Alexander Ari Ármanni og Auguste SH. Bjarney fer með sem fararstjóri og Peter úr Breiðablik sem þjálfari.
- g. Síðast hópurinn sem valinn var eftir ÍM50 var hópinn fyrir Heimsmeistaramótið í Singapore. Við eru stolt af því að sex einstaklingar syntu undir B lágmarki, en eingöngu tveir náðu inn á HM50 í Fukuoka 2023. Verkefnið verður í lengri kantinum vegna fjarlægðar til Singapore, hefst með sameiginlegum æfingabúðum norðurlanda í Singapore 18-24. Júlí og mótið mun fara fram 27.júlí til 3.ágúst. Hópurinn skipa þau Birnir Freyr SH, Einar Margeir ÁA, Guðmundur Leo ÍRB, Jóhanna Elín SH og Snæfríður Sól AAL. Eyleifur verður fararstjóri, Dadó og Kjell þjálfarar, og Hlynur sjúkrþjálfari. Dadó kemur aukalega inn í þetta verkefni og greiðir SH helminginn af kostnaði hans í verkefninu.

### 3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið var yfir fundargerð dómaranefndar nr: 133 og 134 sem finna má í fundargögnum.

### 4. Aðsend bréf :

#### Dags

03.06.2025  
30.06.2025

#### Efni

EA Congress Tibilisi  
World Aquatics Congress

#### Sendandi

EA  
WA

### 5. Félagaskipti

| Nafn:                         | Fyrri félag: | Nýtt félag: | dags. mótt. | Tekur gildi |
|-------------------------------|--------------|-------------|-------------|-------------|
| Rósa Kristín Kristmannsdóttir | Ármann       | Fjörður     | 16.06.2025  | 15.07.2025  |
| Renan Legrand Jacques         | Frakkland    | Ægir        | 08.05.2025  | 07.06.2025  |

### 6. Staðfesting meta / afreka

| Grein | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður |
|-------|-------|--------|-------|-------|--------|
|-------|-------|--------|-------|-------|--------|

### 7. Önnur mál:

- Árleg ráðstefna EA (European Aquatics) verður haldin í Georgíu 27. september n.k
- Árleg ráðstefna WA (World Aquatics) verður haldin í Singapore í tengslum við HM50 29. júlí n.k. formaður og ritari munu sitja ráðstefnuna í fjarfundarbúnaði.
- Formaður og yfirmaður landsliðsmála mættu á glæsilega afmælishátíð Sunfélags Hafnarfjarðar þann 18. júní s.l. í tilefni af 80 ára afmæli félagsins. Formaður hélt sutta tölu ásamt bæjarstjóra Hafnarfjarðar og formanns ÍBH. Haldin var sérstök sýning sem stiklaði á stóru úr sögu félagsins og verðlaunepeningar helstu sundmanna ásamt gömlum búningum og tæknibúnaði voru til sýnis. Margt var um manninn og vígður var sérstakur Ólympíuvegggur í Ásvallalaug til heiðurs þeirra sem tekið hafa þátt í Ólympíuleikum frá félaginu.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.45

Vegna sumarleyfis starfsfólks verður fundarfrí í ágúst og næsti fundur verður haldin þriðjudaginn 2. september samkvæmt fundardagskrá.